



2202005/HH

MINNISBLAÐ

TIL: PÁLS BJÖRGVINS GUÐMUNDSSONAR FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH
FRÁ: HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR, LÖGFRÆÐINGI SSH
EFNI: VELFERÐARNEFND - SAMSTARFSSAMNINGUR
DAGS: 27. SEPTEMBER 2022

Forsaga þessa máls er nokkuð löng en í janúar 2018 óskaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið eftir upplýsingum um alla samninga sveitarfélaga sem fælu í sér samstarf við önnur sveitarfélög. Var samningur um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010 þeirra á meðal, og að lokinni yfirferð sendi ráðuneytið, í ágústmánuði 2020, hlutaðeigandi sveitarfélögum eftirfarandi athugasemd vegna hans:

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010. (Reykjavík, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær)

- Á grundvelli samkomulagsins geta sveitarfélögin gert með sér þjónustusamninga sem geta falið í sér framsal valds. Með vísan til leiðbeininga ráðuneytisins í máli nr. SRN1712008, skal slíkt samstarf fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi, í samræmi við 96. gr. svstjl., þar sem eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir hönd annars eða annarra sveitarfélaga.

Í kjölfarið var myndað óformlegt teymi lögfræðings SSH og bæjarlögmannna hlutaðeigandi sveitarfélaga, sem m.a. vann að svörum við athugasemdum ráðuneytisins, sem voru svo send ráðuneytinu frá hverju og einu sveitarfélagi, sbr. bókun 519. fundar stjórnar SSH.

Hvað varðaði þennan tiltekna samning sagði eftirfarandi um hann í svari sveitarfélaganna til ráðuneytisins:

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða, dags. 12. nóvember 2010.

Aðilar að samningnum eru Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær. Í bréfi ráðuneytisins kom fram ábending varðandi það að samkomulagið fæli það í sér að sveitarfélögin gætu gert með sér þjónustusamninga sem gætu falið í sér framsal valds. Með vísan til leiðbeininga ráðuneytisins í máli SRN1712008, skyldi slíkt samstarf fara fram í formi byggðasamlags eða með samningi í samræmi við 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir svstjl.), þar sem eitt sveitarfélag tæki að sér verkefni fyrir hönd annars eða annarra sveitarfélaga. Umræddur samningur um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða tók gildi við undirritun, hinn 12. nóvember 2010, og var markaður ákveðinn gildistími, til 31. desember 2014. Hefur hann ekki verið endurnýjaður.



Með hliðsjón af athugasemdum ráðuneytisins hefur verið sett á fót sérstakt teymi á vettvangi samstarfshóps velferðarmála innan SSH til að skoða tilhögun samstarfs milli sveitarfélaganna þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk þar sem ákveðnar breytingar hafa átt sér stað frá upphaflegum samningi. Jafnframt verður það haft að markmiði að gætt sé fyrrgreindra skilyrða varðandi samstarf milli sveitafélaga. Þess má vænta að ráðuneytið verði sérstaklega upplýst um afrakstur þeirrar vinnu og samningurinn sendur ráðuneytinu þegar hann liggur fyrir.

Samkvæmt framansögðu, ekki síst þess að samráðshópur á sviði velferðarmála hefur í raun starfað óslitið frá árinu 2010, án þess að sérstakur samningur hafi legið til grundvallar slíku samstarfi frá árslokum 2014, var talið mikilvægt að semja ný drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á þessu sviði.

Ofangreind vinna hófst á vettvangi samráðshóps á sviði velferðarmála snemma árs 2021, en náði ekki lengra á þeim vettvangi en að drög, sem unnin voru upp úr eldra samningi voru lögð fyrir hópinn vorið 2021. Í kjölfar þess, og á grundvelli þeirrar vinnu, vann lögfræðingur SSH drögin áfram, í samstarfi við samráðshópinn og voru drögin kynnt fyrir hópnum á ýmsum stigum.

Fyrirliggjandi eru nú lokadrög umrædds samnings, sem unnin eru á grundvelli samningsins frá 2010, með hliðsjón af áðurgreindum athugasemdum ráðuneytisins og þeirri vinnu sem hefur átt sér stað óslitið frá árinu 2010 á vettvangi samráðshóps á sviði velferðarmála.

Rétt er að árétta að markmið samningsins skv. fyrirliggjandi drögum er einkum að efla velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu með samtali, samráði og samstarfi sveitarfélaganna. Þannig sé stuðlað að framþróun, samræmingu og hagkvæmni þjónustunnar, jafnframt því að vekja athygli yfirstjórnar sveitarfélaganna á nýjungum og þörf fyrir umbætur eða brýn verkefni. Er þannig ekki gert ráð fyrir því að samþykkt hans leiði til breytts verklags í þessum málaflokki eða til kostnaðarauka fyrir aðildarsveitarfélög hans.

Er því lagt til að meðfylgjandi samningsdrög verði send hlutaðeigandi sveitarfélögum til afgreiðslu og staðfestingar og farið fram á að framkvæmdastjórum þeirra verði falið ótakmarkað umboð til undirritunar samningsins.

Meðfylgjandi minnisblaði þessu eru lögð fram:

1. *Drög að samningi um samráð og samstarf á höfuðborgarsvæðinu um velferðarþjónustu*

HH